

Álftamýri

Frá Baulhúsum er aðeins tæplega einn kílómetri út að landamerkjunum en liðlega tveir kílómetrar frá þeim að bænum á Álftamýri. Utantil við merkin komum við í Hlaðsbót en frá þeirri veiðistöð voru lengi stundaðir haustróðrar og lágu hér við menn frá bæjum innar í firðinum.¹ Árið 1893 var Hlaðsbót löggilt sem verslunarstaður² og á síðasta áratug 19. aldar var rekið hér í örfá ár lítið útibú frá verslun Péturs J. Thorsteinsson á Bíldudal sem einnig tók hér við fiski.³ Árið 1899 lét Pétur reisa í Hlaðsbót allstórt tveggja hæða timburhús⁴ sem var allt í senn verbúð, salthús og fiskgeymsla⁵ og þar var „krambúð“ í einu herberginu.⁶ Húsið var rifið árið 1937⁷ en grjóthlaðinn grunnur þess sýnir enn hvar það stóð, rétt fyrir ofan fjöruborðið.⁸ Á fyrri hluta okkar aldar voru allmargir vélbátar gerðir út frá Hlaðsbót, bæði haust og vor,⁹ og þá var stundum róíð héðan að sumrinu.¹⁰ Síðastur allra reri frá Hlaðsbót Guðbjartur Jóhannesson, sem átt hafði heima á Svalbarði hjá Tjaldanesi, og var hann hér við róðra, einn á skektu, á árunum skömmu fyrir 1950.¹¹ Verbúð hans og hjallur voru innst í bótinni, inn undir Svarthamraskeri.¹²

Skammt fyrir utan Hlaðsbót fellur Krákudalsá til sjávar en hún á upptök sín fremst í Krákudal sem skerst inn í landið til norðausturs ofan við túnið á Álftamýri.¹³ Utan við áreyrarnar er vík sem heitir Sæluhöfn og lentu menn stundum þar þegar ófært var eða illt að lenda í heimavörinni sem er neðan við túnið.¹⁴ Mýrlendið utan og ofan við Sæluhöfn heitir Akrrar.¹⁵ Við Arnarfjörð er víðsýnið hvað mest á Álftamýri og í kyrrðinni magnast dýrð náttúrunnar, hvort sem lítið er til hafs eða lands.

¹ Sóknalýs. Vestfj. II, 39–40. ÞN 1951, 143–144 (Árbók F.Í.).

² Stjtið. 1893 A, 156.

³ Skjs. Landshöfð. Verslunarsk., askja XLVI. ÞN 1951, 143–144. JKÍ 1950, 43–44.

⁴ Úttektabók fyrir Auðkhr., lögg. 8.9.1882, 130–131, varðv. á Auðkúlu.

⁵ Sama heimild.

⁶ JKÍ 1950, 43–44 (Árbók Barðastr.s.).

⁷ SkN KÓ 10.7.1991.

⁸ HrP KÓ 7.7.1991.

⁹ SkN KÓ 10.7.1991.

¹⁰ ÓJ 1956, 53–58.

¹¹ HrP KÓ 7.7.1991.

¹² SkN KÓ 10.7.1991.

¹³ ÖÖ.

¹⁴ Sama heimild.

¹⁵ Sama heimild.

Hér var prestssetur um aldir og annar tveggja kirkjustaða á norðurströnd fjarðarins, en prestakallið var fámennnt því innan marka þess voru aðeins fimm bújarðir, Baulhús, Álftamýri, Stapadalur, Hrafnabjörg og Lokinhamrar. Kirkjan á Álftamýri var forðum tíð helguð Maríu guðsmóður og Jóhannesi skírara en elsti máldagi hennar er talinn vera frá árinu 1211.¹⁶ Hún hafði þá þegar eignast Stapadal og svolítinn part úr heimajörðinni.¹⁷ Í þessum elsta máldaga er kirkjubóndanum falið að láta ljós loga í kirkjunni á hverri nóttu frá Maríumessu hinni fyrri til Filippusmessu,¹⁸ það er frá 15. ágúst til 1. maí.

Á fyrri hluta 13. aldar var kirkjan enn bændakirkja en fyrsti bóndinn hér, sem við þekkjum nafn á, var Bjarni Sverrisson er Sturla Sighvatsson kúgaði árið 1230 til að selja sér Álftamýri, „til handa Oddi Álasyni“.¹⁹ Nokkrum árum síðar bjó hér Jón Þorkelsson sem kvæntur var náfrænku Sturlu, Guðrúnu Tómasdóttur, dótturdóttur Þórðar Sturlusonar, bróður Sighvats og Snorra.²⁰ Jón þessi „Álftmýringur“ var í liði Þórðar kakala í Flóabardaga árið 1244 og stýrði þar skipi.²¹ Á síðari hluta þrettándu aldar eða á fjórtándu öld eignaðist Álftamýrarkirkja alla heimajörðina²² og þar með varð Álftamýri staður, kirkjulén undir forræði biskups. Árið 1397 átti kirkjan hér ekki aðrar jarðeignir en Álftamýri og Stapadal²³ og svo Baulhús sem munu enn hafa talist hjáleiga (sjá Baulhús). Um 1570 voru jarðeignir kirkjunnar hins vegar orðnar sex því við höfðu bæst Tjaldanes, Hjallkárseyri og Ós í Mosdal.²⁴ Allar þessar jarðir átti kirkjan enn um miðbik 19. aldar.²⁵

Nokkur ítök náði kirkjan á Álftamýri að eignast og eru þessi talin í máldaga frá því um 1570: Réttur til skógarhöggs í Geirþjófsfirði, milli Kollagötuár og Smiðjugils, innantil við landamerki Langabotns og Sperðlahlíðar, réttur til hvannskurðar fyrir búið á Álftamýri í Neðritó í landi Lokinhamra (sjá Lokinhamrar), réttur til tollfrjálsrar verstöðu fyrir teinært skip á Brunnum í landi Hvallátra í Rauðasandshreppi.²⁶ Á fyrri hluta nítjándu aldar voru vinnuhjú á Álftamýri enn látin rífa hrís og gera til kola inni í Geirþjófsfirði og svo virðist sem Álftamýrarprestar hafi líka nýtt sér hvannskurðarréttindin í Neðritó á þeim árum.²⁷ Útgerð þeirra frá

¹⁶ D.I. I, 369–372. Sbr. D.I. XII, 13.

¹⁷ Sama heimild.

¹⁸ Sama heimild.

¹⁹ Sturl. II, 194.

²⁰ Sturl. I, 80–81 og 84 og III, 15.

²¹ Sturl. III, 15 og 91.

²² D.I. IV, 147.

²³ Sama heimild.

²⁴ D.I. XV, 578.

²⁵ JJ 1847, 191.

²⁶ D.I. XV, 578. Sbr. ÖÖ og Jb. Á. og P. VI, 312 og VII, 22.

²⁷ JJ 1847, 206.

Brunnum mun hins vegar hafa fallið niður fyrir 1650 vegna sandágangs en ein verbúðin þar hét í fyrri daga Álftamýrabúð.²⁸

Jörðin Álftamýri var ýmist talin 32 eða 22 hundruð að dýrleika.²⁹ Engi og hagar urðu hér snemma fyrir verulegum spjöllum af völdum skriðufalla³⁰ en góð skilyrði til sjósóknar og ágæt fjörubeit bættu nokkuð úr.³¹ Í landskuld af kirkjujörðunum fengu Álftamýrarprestarnir lengi 16 vættir á ári³² eða sem svaraði 16 ærgildum og tvær vættir að auk í beitartoll, aðra frá Baulhúsum en hina frá Stapadal.³³ Jarðarafgjaldið greiddu flestir landsetarnir í þrjónlesi en bændur í Stapadal borguðu þó með fiski.³⁴ Um 1840 urðu þeir sem héðan reru eða frá Hlaðsbót að greiða Álftamýrarpresti vertoll, fimm fiska af hverjum manni yfir vertíðina,³⁵ það er einn áttunda hluta úr ærverði. Um 1800 virðast útróðrarmennirnir hafa verið 24 því tekjur prestsins af vertollum voru þá tveir ríkisdalir á ári³⁶ en 60 fiskar voru í hverjum ríkisdal.³⁷ Jörðum kirkjunnar, öðrum en heimajörðinni, fylgdu árið 1710 21 kúgildi en um 1840 16 kúgildi,³⁸ það er 96 ær. Leigur fyrir þau fékk presturinn greiddar í smjöri,³⁹ tíu kíló fyrir hvert kúgildi, að fornri lagavenju.⁴⁰ Engar kvaðir fylgdu ábúð á jörðum Álftamýrarkirkju árið 1710⁴¹ nema á Baulhúsum (sjá Baulhús) en á fyrri hluta 19. aldar urðu landsetar kirkjunnar á Tjaldanesi, Hjallkárseyri og Ósi að leggja prestinum til mann í skiprúm á vorvertíð.⁴²

Haustið 1505 var Stefán Jónsson, biskup í Skálholti, á ferð um Vestfirði og vígði þá kirkju á Álftamýri.⁴³ Með bréfi dagsettu á Rafnseyri 10. september það ár bauð hann öllum er sæki nefnda kirkju og gefi henni gjafir „40 daga aflát“, það er fyrirgefningu allra synða er þeir kynnu að drýgja á því tímaskeiði, en þó því aðeins að syndaselirnir skriftuðu og iðruðust gerða sinna.⁴⁴ Ekki er ólíklegt að margir Arnfirðingar hafi notfært sér þetta kostaboð kirkjuhöfðingjans.

²⁸ Jb. Á. og P. VI, 312 og VII, 22.

²⁹ JJ 1847, 206.

³⁰ Jb. Á. og P. VII, 22. Sóknalýs. Vestfj. II, 39–41. JJ 1847, 206.

³¹ Sömu heimildir.

³² JJ 1847, 206.

³³ Sama heimild.

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Sama heimild.

³⁶ Rtk. Jarðab. V. 16, Ísafjs. 1805.

³⁷ JJA 1971, 418–419.

³⁸ JJ 1847, 206. Jb. Á. og P. VII, 8–9, 12, 19–21 og 23.

³⁹ Sömu heimildir.

⁴⁰ ÞTh 1919 III, 45–46.

⁴¹ Jb. Á. og P. VII 8–9, 12, 19–21 og 23.

⁴² JJ 1847, 206–207.

⁴³ D.I. VII, 794–795.

⁴⁴ Sama heimild.

Úr kaþólskri tíð eru aðeins kunn nöfn þriggja presta á Álftamýri⁴⁵ og harla fátt um þá vitað annað en nöfnin. Öðru máli gegnir um lútersku prestana þrettán sem hér sátu á árunum 1541–1881. Um þá alla liggur nokkur vitneskja fyrir þó hér verði aðeins minnst á suma þeirra. Annar í þeirri röð var Eysteinn Þórðarson sem hingað kom um 1550 og þjónaði á Álftamýri í röskan aldarfjórðung.⁴⁶ Hann hafði áður verið dómkirkjuprestur í Skálholti.⁴⁷ Árið 1540 tók Gizur Einarsson við biskupsráðum þar en fór þó ekki utan til vígslu fyrir en tveimur árum síðar.⁴⁸ Setti hann þá Eystein prest til forráða á stólnum.⁴⁹ Í Skálholti var heitkona Gizurar, Guðrún Gottskálksdóttir, systir Odds Gottskálkssonar⁵⁰ sem frægur varð af þýðingu sinni á Nýja testamentinu. Hún lagðist með Eysteini presti sem gat við henni þrífura er fæddust skömmu eftir heimkomu biskups úr vígsluförinni.⁵¹ Er Gizur fékk þessar fréttir varð honum að orði: „Það var hlaup og það var hofmannshlaup. Ég skal taka Gunnu mína í sátt.“ Séra Eystein tók hann hins vegar ekki í sátt og að hinum kvensama presti sóttu þrír bræður Gizurar með vopnum, undir borðum í stóru stofunni í Skálholti, þeir Halldór, Jón og Þorlákur.⁵² Beittu þeir bæði hnífi og taparexi en séra Eysteinn, sem var að sögn „manna kaskastur“, dró upp sleddu mikla og varðist vasklega en hlaut þó 14 sár.⁵³ Eins og nærri má geta var Eysteinn þessi sterki sviptur kjóli og kalli og mun ekki hafa fengið að messa á ný fyrir en að Gizuri biskupi önduðum.⁵⁴ Þá fékk hann Álftamýri eins og fyrir var nefnt en afreksverkin sem hann kann að hafa unnið hér vestra á ýmsum sviðum eru því miður gleymd.

Á 17. öld sat hér lengst séra Gizur Sveinsson sem hélt staðinn í 55 ár, frá 1628–1683.⁵⁵ Hann var frá Holti í Önundarfirði,⁵⁶ albróðir Brynjólfs Sveinssonar biskups (sjá Holt). Þarfasta verk séra Gizurar á hans löngu ævi var söfnun gamalla þjóðkvæða. Á kvæðasafni hans stendur ártalið 1665 og þar er meðal annars að finna Draumkvæði sem hefst á þessu stafi:⁵⁷

⁴⁵ SN 1950, 187–188.

⁴⁶ Ísl. æviskrár I, 466.

⁴⁷ Sama heimild.

⁴⁸ PEÓ 1922, 318–319 og 358–360.

⁴⁹ JGiz Safn til sögu Ísl. I, 689.

⁵⁰ Sama heimild.

⁵¹ Sama heimild.

⁵² Sama heimild.

⁵³ JE Safn til sögu Ísl. I, 84.

⁵⁴ Sbr. Ísl. æviskrár I, 466.

⁵⁵ SN 1950, 188. Sbr. ÁSig 1980 III, 165–205.

⁵⁶ Ísl. æviskrár II, 90.

⁵⁷ JMS 1964 I, xxvii og 175.

Fagurt syngur svanurinn
um sumarlanga tíð,
þá mun lyst að leika sér,
mín liljan fríð.
Fagurt syngur svanurinn.

Fyrri kona séra Gizurar á Álftamýri var Guðrún Finnsdóttir, systir Jóns þess Finnssonar í Flatey á Breiðafirði sem ráðstafaði Flateyjarbók í hendur Brynjólfs biskups árið 1647.⁵⁸

Á fyrsta þriðjungi 18. aldar sat hér lengi séra Páll Pétursson.⁵⁹ Hann var Austfirðingur en greri fastur á Álftamýri.⁶⁰ Í Hítardalsannál er frá því greint að árið 1729 hafi prestur þessi orðið fyrir svo „stórkostlegum áhlaupum“ af völdum reimleika að hann hafi gerst „ofsterkur“ og menn orðið að vakta hann dag og nótt.⁶¹ Engu að síður reið hann til Alþingis tveimur árum síðar og sór þar Kristjáni konungi VI hollustueið en á heimleiðinni komst hann með þrautum að Hjarðarholti í Dölum og andaðist þar.⁶²

Haustið 1731 var Ásgeiri Þórðarsyni, tæplega þrítugum stúdent úr Hrútafirði, veitt Álftamýri.⁶³ Hann kvæntist dóttur forvera síns, séra Páls Péturssonar, og þjónaði hér í tólf eða þrettán ár en var þá vikið úr embætti fyrir illt orðbragð og kukl.⁶⁴ Eftirmaður séra Ásgeirs varð séra Hákon Snæbjarnarson sem tók við stað og kirkju árið 1746.⁶⁵ Hélt hann staðinn í liðlega hálfra öld og efnaðist vel.⁶⁶ Hann var einn þriggja sona Snæbjarnar Pálssonar, er menn nefndu Mála-Snæbjörn (sjá Sæból), og fyrri konu hans, Kristínar Magnúsdóttur.⁶⁷ Tveir þeirra urðu prestar á Vestfjörðum og sá þriðji í Flatey á Breiðafirði.⁶⁸ Séra Hákon varð ungur prestur á Eyri í Skutulsfirði en missti þar hempuna fyrir of bráða barneign með tilvonandi eiginkonu sinni.⁶⁹ Að sögn niðja hans var Hákon prestur lipur kraftamaður og lék m.a. þá list að stökkva á hlaupum bita af bita í Eyrarkirkju, frá kór og fram að dyrum.⁷⁰ Minnisbók hans, rituð á árunum 1746–1794 hér á Álftamýri, er varðveitt í

⁵⁸ Ísl. æviskrár II, 90. BBen Sýslumæfir II, 59–60. Lbs. 2368 4to. SGB Prestaæfir XI, bls. 112–115.

⁵⁹ SN 1950, 188.

⁶⁰ Ísl. æviskrár IV, 138.

⁶¹ Ann. II, 630.

⁶² Sama heimild, bls. 645.

⁶³ Ísl. æviskrár I, 95–96.

⁶⁴ Vestf. sagnir I, 33–36. Lbs. 2368 4to. SGB Prestaæfir XI, bls. 120.

⁶⁵ Ísl. æviskrár II, 234–235.

⁶⁶ Sama heimild. Sbr. FrEgg 1950 I, 436 og Lbs. 2368.⁴²⁰ SGB Prestaæfir.

⁶⁷ Ísl. æviskrár IV, 310.

⁶⁸ Sama heimild.

⁶⁹ Ísl. æviskrár II, 234–235.

⁷⁰ FrEgg 1950 I, 65.

Þjóðskjalasafni⁷¹ og er þar margvíslegan fróðleik að finna, m.a. um aflabrögð⁷² og kjör vinnufólks. Bróðir Hákonar prests, séra Magnús Snæbjarnarson á Söndum í Dýrafirði, fann dauðann nálgast haustið 1782 og bað séra Hákon að vitja sín eigi síðar en á þorranum.⁷³ Varð hann við þeirri bön og náði að hitta bróður sinn á lífi en séra Magnús andaðist á Gvendardag árið 1783.⁷⁴ Á leiðinni heim hreppti séra Hákon illviðri og setti þá eða skömmu síðar saman þessa vísu:⁷⁵

Norður í Dýrafjörð ég fór,
fékk minn bróður séðan.
Kyndilmessu kleppur stór
kom í haga á meðan.

Á árunum 1817–1837 var séra Markús Þórðarson frá Vigur prestur hér.⁷⁶ Sagt er að hann hafi vegið 120 kíló (sjá Tjaldanes) og mun því hafa verið feitari en góðu hófi gegndi. Haustið 1836 veiktist hann mjög alvarlega í brúðkaupsveislu og hefur að líkindum fengið slag.⁷⁷ Hann missti þá málið að mestu leyti og fluttist næsta vor inn að Baulhúsum en fékk Álftamýri í hendur ungum aðstoðarpresti.⁷⁸ Séra Markús andaðist á Baulhúsum 24. mars 1839⁷⁹ og þar var lík hans að sögn borið út í skemmu en skömmu síðar heyrðust þar inni „umbrot mikil og ryskingar“.⁸⁰ Er að var gáð lá lík prestsins á gólfinu „sundurrifið allt, blátt og blóðugt ... og þótti allófrýnilegt á að líta“.⁸¹ Við útförina sáu ófreskir menn rum einn afar mikinn vexti hér í kirkjugarðinum og nefndu hann Breiðherðung.⁸² Var síðar talið að vomur þessi fylgdi niðjum hins gildvaxna prests.⁸³

Ungi maðurinn sem gerðist aðstoðarprestur séra Markúsar Þórðarsonar vorið 1837 og tók þá við búsför ráðum hér á Álftamýri hét Jón Ásgeirsson.⁸⁴ Hann kom frá Holti í Önundarfirði en þar hafði hann um nokkurt skeið verið aðstoðarprestur föður síns, séra Ásgeirs Jónssonar.⁸⁵ Séra Jón var fæddur árið 1804 og upp úr tvítugu var hann tvo vetur við skólanám hjá séra Sigurði Jónssyni á Rafnseyri er kvæntur

⁷¹ Kirknasafn XIII. 3. E.

⁷² Sbr. Ársrit S.Í. 1979, 108.

⁷³ FrEgg 1950 I, 65.

⁷⁴ Sama heimild. Ísl. æviskrár III, 455.

⁷⁵ FrEgg 1950 I, 65.

⁷⁶ Ísl. æviskrár III, 475.

⁷⁷ Lbs. 2368 4to. SGB Prestaæfir.

⁷⁸ Sama heimild.

⁷⁹ Ísl. æviskrár III, 475.

⁸⁰ Lbs. 2368^{4to}. SGB Prestaæfir.

⁸¹ Sama heimild.

⁸² Sama heimild. Þjóðs. JÁ I, 295–296. Lbs. 403 4to. Sbr. Vestf. þjóðs. II. 1., 34–36.

⁸³ Lbs. 2368^{4to}. SGB Prestaæfir.

⁸⁴ Ísl. æviskrár III, 54–55.

⁸⁵ Sama heimild. Sjá Holt.

var föðursystur hans.⁸⁶ Á Rafnseyri voru þeir saman við nám frændurnir Jón Ásgeirsson og Jón Sigurðsson en fram undan beið þeirra ólíkur ferill. Annar varð prestur á Álftamýri og sinnti lítt opinberum málum en hinn varð þjóðarleiðtogi Íslendinga.

Jón Ásgeirsson lauk stúdentsprófi sumarið 1828 og kvæntist fáum mánuðum síðar ungri ekkju á Auðkúlu, Guðrúnu Guðmundsdóttur Arasonar.⁸⁷ Hún var reyndar liðlega tíu árum eldri en brúðguminn⁸⁸ og hafði í æsku eignast barn með kvæntum presti, séra Daða Jónssyni í Sauðlauksdal.⁸⁹ Ól hún barnið á Vatneyri og fékk þar skjól hjá Bjarna verslunarstjóra Bjarnasyni.⁹⁰ Séra Daði var aðstoðarprestur föður síns, séra Jóns Ormssonar, og var sviptur hempunni í sjö ár vegna þessarar barneignar.⁹¹ Barnið var drengur og gekk illa að feðra hann en Bjarni faktor gerðist forsvarsmaður Guðrúnar og krafðist játningar af feðgunum í Sauðlauksdal. Kom þá til átaka í húsum verslunarstjórans og báru vitni síðar fyrir rétti að Guðrún hefði, þegar mest gekk á, risið upp af sænginni, þar sem hún lá í blóðböndum, en prófasturinn, séra Jón Ormsson, hefði þá „stjakað við henni“.⁹² Sé litið til sviptinganna sem á undan voru gengnar þarf engan að undra þótt hún gæfi þessum elsta syni sínum nafnið Benóný en það merkir harmkvælasónur. Hann varð seinna merkisbóndi og hreppstjóri í Meðaldal í Dýrafirði (sjá Meðaldalur). Svo fór að Guðrún bóndadóttir frá Auðkúlu giftist verslunarstjóranum á Vatneyri er harðast hafði gengið fram í barnsfaðernismáli hennar en þann eiginmann missti hún í sjóinn fáum árum síðar.⁹³ Var þá röðin komin að Jóni Ásgeirssyni, síðar presti á Álftamýri, að ekta hana og voru þau gefin saman í hjónaband haustið 1828 eins og hér var áður nefnt. Við andlát séra Markúsar Þórðarsonar var séra Jóni veitt prestakallið og var hann prestur hér í 26 ár, frá 1837 til 1863, og síðan í 19 ár á Rafnseyri.⁹⁴ Konu sína, Guðrúnu Guðmundsdóttur frá Auðkúlu, missti hann hér á Álftamýri á árunum 1855–1860⁹⁵ en þau höfðu þá eignast sex syni og er mikill ættbogi frá þeim kominn.⁹⁶ Um Guðrúnu sögðu kunnugir að hún hefði verið „gáfuð, fríð og kurteis“⁹⁷ og að sögn séra Sigurðar Jónssonar á

⁸⁶ Ísl. æviskrár III, 54–55.

⁸⁷ Ísl. æviskrár III, 54–55. Sjá Auðkúlu.

⁸⁸ Smt. Rafnseyrar.

⁸⁹ Vestf. sagnir I, 250–255 og 423–424.

⁹⁰ Sama heimild.

⁹¹ Sama heimild. Sbr. Ísl. æviskrár I, 302–303.

⁹² Skjs. sm. og svstj. Barð. IV. 5. Dóma- og þingbók 1815–1826, réttarhald 7.7.1817.

⁹³ Vestf. sagnir I, 250–255 og 423–424.

⁹⁴ Ísl. æviskrár III, 54–55.

⁹⁵ Manntöl 1855 og 1860.

⁹⁶ Þrþj. og smt. Álftamýrar og Rafnseyrar. Lbs. 2368 4to. SGB Prestaæfir. Sbr. JÞÞ 1984, 165–166, 175–176 og 229–230. Sjá Auðkúluhreppur.

⁹⁷ Vestf. sagnir I, 251.

Rafnseyri var hún „valkvendi“.⁹⁸

Um séra Jón Ásgeirsson, sem var heljarmenni að burðum, hefur margt verið ritað og er þar greint frá snarleik hans, ljúfmennsku, ófreski og bagalegum brennivínsþorsta.⁹⁹ Eftirmaður hans í prestsembætti hér á Álftamýri varð séra Arngrímur Bjarnason¹⁰⁰ sem frá er sagt á öðrum stað í þessu riti (sjá Staður). Hann var síðasti sóknarpresturinn sem hér sat en með lögum sem gengu í gildi árið 1881 var prestakallið lagt niður og sóknin lögð til Rafnseyrar.¹⁰¹ Sum bæjarhúsin munu þá hafa verið komin til ára sinna og hér stóðu enn upp bæði skáli og stofa, svo sem verið hafði 200 árum fyrr,¹⁰² en „ónshúsið“ sem hér var líka í góðu standi árið 1684 var horfið þegar síðasti sóknarpresturinn fór frá Álftamýri árið 1881.¹⁰³

Vorið 1883 fluttist séra Jón Ásgeirsson hingað í annað sinn en hann var þá kominn um áttætt og orðinn uppgjafaprestur. Hann fylgdi þá Ásgeiri syni sínum sem verið hafði bóndi á Rafnseyri frá 1866 en færði sig nú um set.¹⁰⁴ Séra Jón andaðist haustið 1886¹⁰⁵ en Ásgeir sonur hans stóð hér fyrir búi til 1896 og síðan Gísli, sonur Ásgeirs, allt til 1942.¹⁰⁶ Hér hefur áður verið sagt lítið eitt frá þeim feðgum (sjá Auðkúluhreppur). Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseti Íslands, kom að Álftamýri sumarið 1923, ungur guðfræðingur og þingmannsefni. Hann ræddi hér þá við Ásgeir Jónsson sem orðinn var 93ja ára og syni hans, Gísla á Álftamýri og Matthías á Baulhúsum. Nafna sínum og sonum hans lýsir hann svo:¹⁰⁷

*Þeir voru allir mikilúðlegir, feðgar, og þó fríðir sýnum.
Svipurinn leyndi því ekki að þeir höfðu haft mannaforráð
og allir líkamsburðir voru bóndans sem jöfnum höndum
stundar veiðiskap og átt hefur viðureign við sel, hákarl og
hval. Þeir gátu hafa stigið út úr spjöldum
Íslendingasagnanna.*

Nú er tómlagra á Álftamýri en áður var því síðan 1957 hefur jörðin legið í eyði.¹⁰⁸ Margt ber þó fyrir hugarsjónir okkar sem hingað leitum.

⁹⁸ Vestf. sagnir I, bls. 269.

⁹⁹ Vestf. sagnir I, 244–276 og II, 194–195. ÞErl 1954, 7–26. Lbs. 2368 4to. SGB Prestaæfir. Ísl. æviskrár III, 54–55.

¹⁰⁰ Ísl. æviskrár I, 25–26.

¹⁰¹ Stjtið. 1880 A, 10–22.

¹⁰² Skjs. próf. XIII. 1. A, 7. Úttekt 16.6.1882. Sama skjs. XIII. 1. B, 1., bls. 137–141. Úttekt 31.5.1684.

¹⁰³ Sömu heimildir. Sbr. HÁg 1987, 259 og 332–334 (Íslensk þjóðmenning I).

¹⁰⁴ Smt. Rafnseyrar.

¹⁰⁵ Ísl. æviskrár III, 54–55.

¹⁰⁶ Þrþj. og smt. Rafnseyrar. Frá ystu nesjum 1953 VI, 5–9.

¹⁰⁷ Frá ystu nesjum 1953 VI, 6–7.

¹⁰⁸ Firðir og fólk 1900–1999, 129.

Síðasta kirkjan á þessum forna stað var reist árið 1896.¹⁰⁹ Það var timburkirkja. Hún skemmdist í ofviðri snemma á árinu 1966 og var tekin ofan skömmu síðar¹¹⁰ en um kirkjugarðinn er gott að reika, því nú mun afl Breiðherðungs á þrotum. Gísli Ásgeirsson, sem bjó hér með sæmd í nær hálfa öld, keypti jörðina af því opinbera 17. apríl 1902 fyrir 2.241 krónu.¹¹¹ Stóra tveggja hæða timburhúsið, sem enn stendur þó jörðin hafi verið í eyði síðan 1957, reisti hann á árunum 1905–1906.¹¹² Gísli var skipstjóri á þilskipinu Katrínu í 17 sumur, reri á sjó 58 haust og var formaður á vorvertíð í 40 ár, síðast 1941 er hann var kominn fast að átræðu.¹¹³ Við háseta sína fór hann í krók og krumlu en notaði þá bara löngutöng á móti allri hendinni hjá hinum.¹¹⁴ Margir þeirra minntust hans lengi „með þakklæti fyrir glaðlyndi, lipurð og góða tilsögn“.¹¹⁵

Ein hjáleiga var enn í byggð á Álftamýri árið 1710, nefnd Álftamýrarhús,¹¹⁶ en mun hafa fallið í eyði skömmu síðar.¹¹⁷ Hjáleiga þessi var í byrjun 18. aldar rétt við túnið en hafði áður staðið utarlega í túninu, þar sem heitir Gyltuvöllur¹¹⁸ eða Gyltuvellir.¹¹⁹ Sá staður er utan við Bæjargilið og neðan vegar.¹²⁰ Önnur hjáleiga var á fyrri öldum á sjávarbökkunum yst í landareigninni¹²¹ en um 1910 var hér, nokkuð innarlega í túninu, þurrabúðarkot sem kallað var Brekka.¹²²

Áður var minnst á fjalldalinn innan og ofan við túnið á Álftamýri en hann heitir Krákudalur. Fremst í honum eru Búhólar.¹²³ Var talið að þar byggju álfar og að kirkja þeirra væri í stærsta hólnum.¹²⁴ Á síðari hluta 18. aldar var lengi á Álftamýri vinnumaður nokkur sem Jón hét og var nefndur Jón „hóli“.¹²⁵ Ekki sótti hann kirkju hjá húsbónda sínum en fór jafnan um messutíma fram á Krákudal og gaf í skyn að þar væru betri ræður í boði hjá álfaprestinum.¹²⁶ Jón þessi átti að sögn töfrasprota „sem brúkaður var til að slá á björg og hóla og opnuðust þá hýbýli álfa þeirra

¹⁰⁹ Landið þitt Ísland I, 48.

¹¹⁰ Sama heimild.

¹¹¹ Skjs. sm. og svstj. Ís. XVI, 9. Veðmb. 1898–1907, 295.

¹¹² Minnisblað frá Jóhönnu Gísladóttur, sent KÓ í nóvember 1998.

¹¹³ Frá ystu nesjum 1953 VI, 7–9.

¹¹⁴ HO 1959, 172–174 (Ársrit S.Í.).

¹¹⁵ Sama heimild.

¹¹⁶ Jb. Á. og P. VII, 22–23.

¹¹⁷ Manntal 1762. Manntöl frá 19. öld.

¹¹⁸ Jb. Á. og P. VII, 22–23.

¹¹⁹ ÖÖ.

¹²⁰ Sama heimild.

¹²¹ Sóknalýs. Vestfj. II, 41–42.

¹²² Manntal 1910. SkN KÓ 10.7.1991.

¹²³ ÖÖ.

¹²⁴ Sóknalýs. Vestfj. II, 41. Vestf. þjóðs. II. 2., 84–90.

¹²⁵ ÞErl 1954, 217–219.

¹²⁶ ÞErl 1954, 217–219.

er þar bjuggu¹²⁷. Kerling Jóns hét Hlaðgerður og átti hún son sem Halldór hét.¹²⁸ Sá kvæntist er fram liðu stundir Vilborgu nokkurri og týndi töfrasprotanum góða.¹²⁹ Um Halldór var þá kveðin þessi vísa:¹³⁰

Misst hefur Hóla-menntirnar
móins bóla þundur.
Í Vorfrúarskóla Vilborgar
vatt sinn tóla sundur.

Í holtunum innan við túnið á Álftamýri var fyrir margt löngu dysjuð ung stúlka sem Jórunn hét.¹³¹ Hún hafði stytta aldur og fékk því ekki leg í kirkjugarðinum.¹³² Brátt urðu menn þess varir að Jórunn lá ekki kyrr en var á sveimi um holtin.¹³³ Fékk hún þá nafnið Holta-Jóka.¹³⁴ Oft birtist hún umleikin hrævareldum og ætti að vera auðþekkt, með „háa skuplu á höfði og ... trafhorn“ lafandi ofan á miðjan hrygg.¹³⁵

Út og niður af bænum á Álftamýri var á fyrri tíð fagurt slægjuland er nefnt var Álar.¹³⁶ Voru þar rauðamýrarflákar með tjörnum.¹³⁷ Í sóknarlýsingu sinni frá því um 1840 segir séra Jón Ásgeirsson að þetta engjapláss sé „nú næstum því aftekið með sinni álftafegurð“ vegna aurrenslis úr fjallshlíðinni.¹³⁸ Fjallið utan við Álftamýri er ýmist nefnt Blesfjall, Blettsfjall eða Blesafjall¹³⁹ en innan og neðan við það eru skammt frá alfaravegi stórir urðarhólar sem kallaðir eru Álftamýrarmúlar.¹⁴⁰

Leið okkar liggur nú frá Álftamýri út með ströndinni. Spölurinn frá túnfætinum út að Fossá, sem einnig er nefnd Fossdalsá, mun aðeins vera tveir kílómetrar. Dalurinn sem áin fellur um heitir Fossdalur¹⁴¹ og er liðlega fjórir kílómetrar á lengd. Um hann liggur leiðin á Álftamýrarheiði sem á fyrri tíð var alfaravegur yfir í Kirkjubólssdal í Dýrafirði. Sjálf heiðin er aðeins mjór hryggur¹⁴² í 544 metra hæð og upp á hana er farið úr innanverðum dalbotninum.¹⁴³ Vetrarleið úr botni Fossdals yfir í

¹²⁷ ÞErl 1954, 217–219.

¹²⁸ Sama heimild.

¹²⁹ Sama heimild.

¹³⁰ Sama heimild.

¹³¹ Sama heimild.

¹³² Þjóðs. JÁ I, 296–297.

¹³³ Sama heimild.

¹³⁴ Sama heimild.

¹³⁵ Sama heimild.

¹³⁶ Sama heimild.

¹³⁷ Sóknalýs. Vestfj. II, 40. ÖÖ.

¹³⁸ Sömu heimildir.

¹³⁹ Sóknalýs. Vestfj. II, 40.

¹⁴⁰ Sama heimild, bls. 40–41. ÞN 1951, 143 (Árbók F.Í.). ÖÖ.

¹⁴¹ Sóknalýs. Vestfj. II, 41. ÖÖ.

¹⁴² Sama heimild.

¹⁴³ Sama heimild.

Kirkjubólssdal lá aðeins utar og var þá farið yfir Kvennaskarð.¹⁴⁴ Einnig er fært úr dalbotninum um Meðaldalsskarð yfir í Meðaldal í Dýrafirði og var sú leið stundum farin.¹⁴⁵ Jeppavegur liggur nú yfir Álftamýrarheiði en hann er sjaldan fær nema að áliðnu sumri.

Yfir innri hlíð Fossdals gnæfa klettaþil Blesafjalls en hinum megin í dalnum rís annar klettaveggur. Þar er Stapadalsnúpur næst sjó en framar Miðskjöldur og fremst sjálfur Kaldbakur, hæsta fjall Vestfjarða.¹⁴⁶ Efsta brún hans liggur í 998 metra hæð yfir sjávarmáli en þetta fríða fjall er auðvelt uppgöngu.¹⁴⁷ Um fjallið Kaldbak segir séra Jón Ásgeirsson á Álftamýri með réttu að það sé „þristrent og hvasst að ofanverðu“.¹⁴⁸ Frá þjóðveginum við mynni Fossdals blasir Kaldbakur við augum, yfirbragðsmikill til að sjá.

Í botni Fossdals, niður undan miðjum Kaldbak, var stundum heyjað á fyrstu áratugum okkar aldar og heitir þar Kvenfólksengi.¹⁴⁹ Sláttumenn og rakstrarkonur lágu þá við í tjöldum.¹⁵⁰ Heimar á dalnum er tótt, rétt fyrir neðan akveginn sem liggur um innri hlíðina og ekki langt frá ánni. Útlit tóttarinnar bendir til þess að hér hafi á síðari tímum verið stekkur með lambakró en af örnefnum má ráða að á þessum slóðum hafi fyrrum verið sel frá Álftamýri og tóttina kalla menn enn Sel.¹⁵¹ Hvilftin í fjallshlíðinni framan við hana heitir Seljahvilft og ofan við Selið eru Seljahjalli og Seljahyrna en tveir hryggir, sinn hvoru megin við það og báðir framan við Stóruskriðu, heita Heimra-Seljaleiti og Fremra-Seljaleiti.¹⁵² Árið 1840 var alllangt um liðið frá því búsmali prestsins á Álftamýri var síðast mjaltaður í selinu.¹⁵³

Við mynni Fossdals fellur áin fram af allháum sjávarbökkum og er þar laglegur foss. Utan við hana er á bökkunum gróðurlendi sem heitir Fossdalstún og sást þar lengi móta fyrir tóttum sem taldar voru bæjarrústir og líka skipanausti við sjóinn.¹⁵⁴ Um miðbik síðustu aldar var talið að hér hefði til forna verið hjáleiga frá Álftamýri¹⁵⁵ og í munnmælum var haft að hún hefði farið í eyði í svartadauða.¹⁵⁶ Aðeins utar og beint fram af Stapadalsnúp er við ströndina Landamerkjasker sem

¹⁴⁴ Sóknalýs. Vestfj. II, 41. ÞN 1951, 141 (Árbók F.Í.).

¹⁴⁵ ÖÖ. ÞN 1951, 141.

¹⁴⁶ Sömu heimildir. Sóknalýs. Vestfj. II, 41–42.

¹⁴⁷ ÞN 1951, 141–142.

¹⁴⁸ Sóknalýs. Vestfj. II, 41.

¹⁴⁹ ÖÖ.

¹⁵⁰ Sama heimild.

¹⁵¹ Sóknalýs. Vestfj. II, 41. HrP KÓ 30.10.1998.

¹⁵² ÖÖ.

¹⁵³ Sóknalýs. Vestfj. II, 41.

¹⁵⁴ ÞN 1951, 141 (Árbók F.Í.).

¹⁵⁵ Sóknalýs. Vestfj. II, 41–42.

¹⁵⁶ ÞN 1951, 141.

svo heitir og kemur það upp um fjörur.¹⁵⁷ Þar eru landamerki Álftamýrar og Stapadals og liggja frá skerinu beint upp í núpinn, sem ýmist er nefndur Bæjarnúpur eða Stapadalsnúpur.¹⁵⁸ Frá merkjunum eru varla nema 300 metrar heim á hlað í Stapadal.

¹⁵⁷ ÖÖ. ÞN 1951, 140–141.

¹⁵⁸ Sömu heimildir.